



273. Stjórnarfundur haldinn 10. okt. 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Fundur með stjórn skotdeildar Keflavíkur á félagssvæði þeirra.

Rætt var um aðstöðu skotdeildar og svæðið í heild sinni. Búið er að fjarlægja gamla félagshúsið og setja tvo nýja gáma í staðinn sem er nú nýja félagsheimili þeirra. Skotdeildin hefur lagt út fyrir kostnaði vegna förgunar og flutnings á gamla félagsheimilinu. Vegurinn inn á svæðið er í frekar lélegu ástandi og þarfnast lagfæringar. Kom fram hjá stjórnarmönnum skotdeildar að óskað yrði eftir því við íþrótt- og tómsundaráð að fá aftur samning hvað varðar styrk til uppbyggingar á svæðinu. Komið var inn á að skoða þyrfti með hvaða hætti væri hægt að losna við þann úrgang sem félli til við skotæfingar (tóm plasthylki frá haglabyssuskotum). Stjórn skotdeildar sýndi aðalstjórnarmönnum ríffilhúsið og þá aðstöðu sem þar er og er á áætlun hjá þeim að fleyta gólfíð á næstunni en efnið til þess er til. Fjölgun hefur verið í deildinni og er ríffilaðstaða þeirra ein sú besta á landinu. Skotdeildin hefur verið í viðræðum við lögregluna um að fá aðgang að inni aðstöðu hennar á Patterson. Bókhald skotdeildar er fært á skrifstofu aðalstjórnar og í dag er bókhaldið fært og uppfært miðað við 31. ágúst 2006.(september er að bestu leiti færður)

3. Önnur mál.

Lokahóf knattspyrnudeildar verðu haldið 21. okt. 2006. í Stapa. Ákveðið að bjóða stjórnarmönnum og mökum á hófið. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.

Næsti fundur er 25. okt. 2006

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

